

I 1. mgr. 4. gr. l. nr. 27/1951 segir, að sakadómari í Reykjavík rannsaki og fari með opinber mál.

Lögræðissviptingarmál eru ekki opinber mál, þótt þau fari að hætti opinberra mála. Ef ætlun löggjafans hefði verið sú að færa lögræðissviptingarmálin undir lögsögu sakadómara, hefði þurft skýlaus lagaákvæði fyrir því, en slík ákvæði eru hvorki finnanleg í l. nr. 27/1951 né öðrum lögum. Ákvæði 4. tl. 2. gr. l. nr. 27/1951 eru aðeins ítrekun á ákvæðum 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947. Verður ekki séð, að l. nr. 27/1951 raski nokkrum ákvæðum l. nr. 95/1947.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir breyta lagaheimild til þess, að sakadómari í Reykjavík fjalli um lögræðissviptingarmál, og enda þótt sakadómari hafi farið með þessu mál að fyrir- lagi dómsmálaráðuneytisins nú um skeið eða síðan 1. júlí 1951, haggar það ekki þessari niðurstöðu. Því ber að taka til greina fram komna kröfu og vísa máli þessu frá sakadómi.

Ákveða ber, að allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., er þykir hæfilega ákveðin kr. 250,00.

Dómsorð:

Lögræðissviptingarmáli Emils Jónatans Jónssonar verkamanns, Eddubæ við Elliðaár hér í bæ, vísast frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., að upphæð kr. 250,00.

Þriðjudaginn 21. september 1954.

Kærumálið nr. 17/1954.

**Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráð-
herra f.h. ríkissjóðs**

gegn

Böðvari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júní sl., er hingað barst 3. þ. m. Krefjast þeir þess,

að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Fjármálaráðherra hefur með úrskurði 2. marz 1954 ákveðið, að vara sú, sem í máli þessu greinir, skuli vera tollskyld samkvæmt 1. tölulið 45. kafla laga nr. 62/1939. Bera má undir dómstóla, hvort þessi úrskurður ráðherra fari í bága við lög.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 250,00.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Böðvari Sigurðssyni, kærumálskostnað, kr. 250,00.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðarkaupstaðar

28. júní 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 23. þ. m., hefur Böðvar Sigurðsson kaupmaður, Austurgötu 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn bæjarfógetanum í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, út gefinni 16. marz sl. Stefnandi hefur gert þær kröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða sér aðflutningsgjöld frá 18. jan. 1954, að upphæð kr. 4.949,35, auk 6% vaxta frá 18. jan. 1954 til endurgreiðsludags og allan málskostnað samkvæmt mati réttarins að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar eftir mati dómsins. Frávísunarkrafan er byggð á ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl. Telja stefndu, að með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 2. marz sl., rskj. nr. 8, hafi verið felldur úrskurður í máli því, sem hér liggur fyrir. Þessi úrskurður sé samkvæmt nefndu ákvæði fullnaðarúrskurður í málinu. Málið heyrir ekki undir dómstóla. Þess vegna beri að vísa því frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt umræddri frávísunarkröfu og krafizt þess, að henni verði hrundið.

Mál þetta er höfðað til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af

myndabókum fyrir börn, sem stefnanda var gert að greiða. Stefnandi heldur því fram, að nefndar myndabækur séu tollfrjálsar. Aðflutningsgjald af þeim hafi því verið ranglega krafðið, enda hafi stefnandi greitt með fyrirvara um endurgreiðslu.

Hið umdeilda lagaákvæði er í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1939 og hljóðar svo:

„Nú rís ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vöru, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.“

Það er aðalregla, að heimilt er að bera undir dómstóla ágreining um skyldur, sem rís milli einstaklings og ríkissjóðs eða annarra opinberra stofnana. Þegar um er að ræða gjaldskyldu, svo sem útsvör, aðflutningsgjöld o. þ. h., þá eru dómstólar bærir að skera úr því, hvort aðilja beri að lögum skylda til að greiða slík gjöld. Til þess að synja mönnum réttar til þess að leita úrlausnar dómstólanna um þessi mál þyrfti skýlausa heimild, sbr. Einar Arnórsson: Dómstólar og réttarfar, 22.—23. bls.

Þar eð tilvitnað lagaákvæði fjallar ekki um það, *hvort* tolla skuli vöru, heldur hitt, *hvernig* tolla skuli vöru, verður ekki talið, að ákvæði þetta fari í bága við þær meginreglur, sem hér var lýst.

Þegar af þessari ástæðu ber að hrinda fram kominni kröfu um frávísun máls þessa.

Ályktarorð:

Fram komin frávísunarkrafa stefndu verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 24. september 1954.

Kærumálið nr. 16/1954.

Gunnar Jóhannsson

gegn

Ófeigi Helgasyni

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm hafa upp kveðið Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, og samdómendurnir Ásgeir Valdimarsson og Jóhannes Steingrímsson.